

Sp.

559. Tillaga til þingsályktunar

[271. mál]

um athugun á framfærslukostnaði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason,
Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela Hagstofu Íslands að reikna út framfærslukostnað a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi. Þessari athugun verði hraðað, þannig að niðurstöður liggi fyrir við endurskoðun á vísitölugrundvelli.

Greinargerð.

Í þeirri sjálfsgöðu viðleitni að jafna lífskjörin um land allt veldur það erfiðleikum, að framfærslukostnaður er aðeins reiknaður fyrir Reykjavíkursvæðið. Munur á framfærslukostnaði eftir búsetu er aftur á móti allmikill.

Nefna má gífurleg áhrif á framfærslukostnað, þar sem olía er notuð til upp-
hitunar. Vegna flutningskostnaðar er vöruverð einnig almennt töluvert hærra á landsbyggðinni en í innflutningshöfn í Reykjavík. Þó geta verið undantekningar frá þessu um einstakar nauðsynjar.

Ferðakostnaður er víða mjög stór liður í framfærslukostnaði utan Reykjavíkursvæðisins, því að sækja þarf fjölmargar nauðsynjar, t. d. í mörgum tilfellum heilsugæslu og erindi til opinberra stofnana, til Reykjavíkur. Aftur á móti er ferðakostnaður til og frá vinnu víðast hvar minni í dreifbýlinu en í Reykjavík.

Ofangreind atriði eru nefnd sem dæmi um mismunandi framfærslukostnað. Fjölmargt fleira þarf að sjálfsgöðu að athuga til þess að raunhæfur samanburður fái st.

Eins og kunnugt er, er vísitala framfærslukostnaðar nú byggð á úrtaki, sem er eingöngu bundið við Reykjavík. Við þá endurskoðun á vísitölugrundvellingnum, sem nú fer fram, er nauðsynlegt að taka tillit til framfærslukostnaðar sem víðast um landið. Því er lögð áhersla á, að þessari athugun verði hraðað, þannig að niðurstöður liggi fyrir við umrædda endurskoðun.

Tillaga þessi er flutt á vegum millipinganefndar um byggðamál.